Upphæð styrksins var 40 milljónir á árinu 2007, 60 milljónir á árinu 2008 og 70 milljónir árið 2009. Framlag ríkisins til sérsambanda ÍSí fyrir árið 2010 er 63,7 en það er skerðing upp á 6,3 m.kr. frá framlagi 2009.

Ólympísk verkefni

ÍSí tekur þátt í 10 ólympískum verkefnum á hverri ólympíuöðu, sem nær yfir fjögurra ára tímabil. Það eru tvennir Smáþjóðaleikar, tvær Vettrarólympíuhátíðir æskunnar, tvær Sumarólympíuhátíðir æskunnar, Sumarólympíuleikar og Vettrarólympíuleikar og Sumar- og Vettrarólympíuleikar ungmenna.

Úthlutun sjóða

Á árinu 2009 úthlutaði Afrekssjóður ríflega 44,6 m.kr. og Styrktarsjóður ungra og efnilegra úthlutaði 10,1 m.kr.

Verkefnasjóður ÍSí úthlutar á ári hverju styrkjum til fræðslu- og útbreiðsluverkefna.

Þjálfaramenntun

Fjarnám ÍSí um 1. stig þjálfaramenntunar hefur slegið í gegn á landsvísi. Í skoðun er að koma 2. stigi þjálfaramenntunar ÍSí einnig í fjarnámsskennslu.

Fyrirhuguð þjálfaranámskeið eru auglýst á heimasíðu ÍSí en allar upplýsingar má einnig nálgast hjá sviðsstjóra Fræðslusviðs ÍSí.

Hádegisverðarfundir

ÍSí stendur reglulega fyrir hádegisfundum í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Auglýsingar um hádegisverðarfundir ÍSí er að finna á heimasíðu ÍSí, www.isi.is

Fyrirmyndarfélag ÍSí

Fyrirmyndarfélag og fyrirmyndardeildir ÍSí eru nú ríflega 100 talsins. Komið hefur fram, hjá félögum sem hafa sótt um endurnýjun viðurkenningarinnar að fjórum árum liðnum, að viðurkenningin og sú vinna sem félag þarf að fara í gegnum við undirbúning umsóknar hafi haft afar jákvæð áhrif á starf félagsins, bæði fjárhagslega og stjórnmunarlega.

Almenningsíþróttir

Fjölmörg verkefni eru á könnu Almenningsíþróttasviðs ÍSí árlega og má þar nefna Lífshlaupið, Hjólað í vinnuna, Göngum í skólann, Stafgöngudag og Kvannahlaup ÍSí.

Lyfjamál

183 sýni voru tekin á árinu 2009, þar af 55 próf í verktöku fyrir aðila í íþróttahreyfingunni. 71 sýni var tekið í keppni og 57 utan keppni. Eitt jákvætt sýni fannst á árinu. Á Íþróttþingi ÍSí sl. voru samþykkt ný lög um lyfjamál sem taka mið af nýjum alþjóðalyfjareglum sem tóku gildi 1. janúar 2009.

Starfsskýrslur ÍSí

Sambandsaðilar eru minntir á að skila þarf starfsskýrslum til ÍSí fyrir starfsárið 2009 fyrir 15. apríl nk. Búið er að opna fyrir skilin á www.felix.is.

Ítrekað er mikilvægi þess að félög skili inn skýrslum á tilsettum tíma því það auðveldar ÍSí að gefa opinberum aðilum nauðsynlegar upplýsingar um stærð og samsetningu íþróttahreyfingarinnar þegar leitað er úrlausna vegna ólíkra hagsmunamála hreyfingarinnar.

Aðstoð er veitt á skrifstofu ÍSí vegna skila á starfsskýrslum.

Formannafundur ÍSí

Formannafundur ÍSí var haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal föstudaginn 20. nóvember sl. Fundinn sátu formenn sérsambanda og héraðssambanda/íþróttabandalaga ásamt framkvæmdastjórn og starfsfólki ÍSí.

Felix – tölvukerfi ÍSí og UMFÍ

Felix – tölvukerfi ÍSí og UMFÍ heldur vel utan um tölvfræði íþróttahreyfingarinnar en er einnig gott stjórnæki fyrir félög og deildir til að halda utan um iðkendur og stjórnir. Það hefur reynt flestum gagnlegt að hafa aðgang að upplýsingum um sitt fólk og uppfærsla við Þjóðskrá léttr allar uppfærslur á persónuupplýsingum.

Íþróttaslysasjóður

Minnt er á að iðkendur og keppendur innan vébanda ÍSí geta sótt um endurgreiðslu á hluta af kostnaðarhluta sjúklings vegna læknskostnaðs og kostnaðs vegna sjúkraþjálfunar vegna slysa sem þeir verða fyrir á æfingum og í keppni á vegum íþrótt- og ungmennafélaga innan ÍSí. Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu ÍSí.





Getraunir - vannýtt tekjulind

Íslenskar getraunir eru í eigu íþróttahreyfingarinnar á Íslandi. Allur hagnaður af rekstri getrauna rennur til íþróttafélaga og héraðssambanda.

Íþróttafélög fá framlög frá Getraunum í réttu hlutfalli við hversu dugleg þau eru að selja getraunir og kynna getraunanúmer sitt fyrir félagsmönnum sínum.

Þau félög sem kynna sitt getraunanúmer og fá áheiti frá þeim sem tippa, fá framlög frá Getraunum. Hin sem ekki vinna í sínum getraunamálum, fá ekki neitt. Hér gildir sama reglan og hjá Litlu gulu hænunni. Þeir sem ekki hjálpa til við að baka brauðið, fá ekkert brauð þegar brauðið er bakað.

Framlög Getrauna til íþróttafélaganna skiptast í tvennt. Annarsvegar fá félögin 38% af hverjum seldum miða í getraunum í sinn hlut selji þau getraunir í gegn um sölukerfi Getrauna. Hinsvegar fá félögin 22% í sinn hlut af miðum sem keyptir eru í sölukassa eða á netinu. Skilyrði er þó að kaupandi inn merki við getraunanúmer félagsins sem hann ætlar að styðja. Stór hluti kaupanda merkir ekki við félag þegar þeir kaupa getraunaseðla. Það er því mikilvægt að félögin komi sínu getraunanúmeri á framfæri við íbúa sveitarfélagsins og stuðningsmenn félagsins þannig að þegar þessir aðilar kaupa getraunaseðilinn þá muni þeir getraunanúmerið. Þetta er einfalt að gera með því að fá skilti frá Getraunum í íþróttahúsið eða á íþróttavöllinn þar sem getraunanúmer félagsins kemur fram, setja inn lógó Getrauna með getraunanúmeri félagsins í allt útgefið efni á vegum félagsins og á heimasíðuna og biðja verslunareigendur sem hafa sölukassa að kynna getraunanúmer félagsins. Með þessum einföldu aðgerðum geta félög aukið tekjur sínar af getraunum verulega.

Starfsmenn Getrauna eru boðnir og búnir að aðstoða félög innan UMSK við að koma upp getraunastarfi og hjálpa til við að kynna getraunamúmer hvers og eins. Byrjunin er að hafa samband og ræða málin. Hlakka til að heyra í ykkur sem flestum.

Með íþróttakveðju

Pétur Hrafn Sigurðsson
sölustjóri

Áheitaþreiddur til félaga Íslenskar getraunir árið 2009

Nr.	Félag:	Upphæð:
200	Breiðablik	1,076,054
201	Tennisfélag Kópavogs	3,969
202	Íþróttafélagið Gerpla	877
203	Handknattfélag Kópavogs	119,441
204	Siglingafélagið Ýmir	1,990
205	Skotfélag Kópavogs	14
207	Augnablik	965
210	Umf. Stjarnan	182,860
212	Golfklúbbur Kópavogs og Garðab	50,630
214	Golfklúbburinn Oddur	1,968
215	Íþróttadeild Andvara	9,295
226	Umf. Bessastaðahrepps	6,825
270	Umf. Afturelding	289,666
271	Umf. Kjalnesinga	6,612
272	Golfklúbburinn Kjölur	160,340
273	Golfklúbbur Bakkakots	62,621
275	Hvítí riddarinn-Steingr. Bened	316
SAMTALS		1,974,443



Lottó úthlutunarreglur UMSK

- 15 % Renna til sambandsins
- 85 % Renna til aðildarfélaga samkvæmt eftirfarandi skiptingu (skipt upp í 100 %):
 - 10 % Renna jafnt til félaga með unglingsstarf
 - 20 % Er skipt samkvæmt félagatali innan viðkomandi sveitarfélags eftir að úthlutað hefur verið sameiginlega til allra félaga í sveitarfélaginu miðað við íbúafjölda þess. Tvöfalt vægi er á félagsmenn yngri en 16 ára.
 - 40 % Er skipt samkvæmt félagatali innan UMSK. Tvöfalt vægi er á félagsmenn yngri en 16 ára.
- 10 % Renna í Afreksmannasjóð UMSK
- 20 % Er skipt samkvæmt ákvörðun stjórnar UMSK

Frá félögum



Afturelding



Starfsemi ungmennafélagsins Aftureldingar starfsárið 2009-2010

Aðalfundur Aftureldingar árið 2008 var haldinn þann 30. mars 2009. Í stjórn þess eru Jón Pálsson formaður,

Sævar Kristinsson, Arna Harðardóttir, Hilmar Stefánsson, Ásmundur Pálsson og varamennirnir Errna Reynisdóttir og Annu Sigríður Guðnadóttir. Félagsmenn í Aftureldingu eru um 3500 og iðkendur um 1300 í 10 deildum.

Starfsárið hófst með pompi og pragt með því að 100 ára afmæli félagsins var fagnað þann 11. apríl 2009, en þann dag, páskadag 1909 var félagið stofnað að lokinni messu í Lágafellskirkju. Á afmælisdaginn var opnað og lesið 50 ára gamalt bréf sem stjórn félagsins 11. apríl 1959 ritaði stjórninni er sæti 11. apríl 2009. Bréfið vakti að vonum mikla athygli og mátti jafnvel sjá tár falla af hvarmi dolfallinna afkomenda fyrrum leiðtoga félagsins við lesturinn. Stjórnin endurtók leikinn og ritaði og las bréf til stjórnarinnar 11. apríl 2009, sem varðveitt verður á Héraðsskjalasafninu rétt eins og eldra bréfið. Að afmælisfundum loknum var haldið að staðnum er stofnfundurinn var við Lágafellskirkju, þar sem Mosfellsbær gaf og afhjúpaði minnisvarða um stofnun félagsins og afmælið.

Allt starfsárið hefur verið talsvert markað af afmælinu og voru mikil hátíðarhöld á Varmá og í Hlégarði síðasta vetrardag og sumardaginn fyrsta, þar sem fjöldi aðila heiðraði félagið og fjöldi eldri og yngri félaga voru heiðruð, m.a. voru 16 eldri borgarar, sem höfðu sett mark sitt á blómaskeið í

rekstri félagsins fyrir hálfri öld voru gerðir að heiðursfélögum. Fjöldi fyrirlestra og skemmtana hafa einnig verið haldar í tilefni afmælisins og er m.a. nú í gangi röð kvöldvaka með skírskotun til gamallar hefðar í starfi félagsins, en jafnframt tengdar því mikilvægasta í starfi félagsins í dag. Þemað á kvöldvökunum er margvíslegt og má nefna útgáfukvöld DAGRENNINGS, aldarsögu félagsins, afreksstefnu, lýðheilsu, gamla góða kvöldvakan og stefnumót við frambjóðendur í sveitarstjórnarkosningunum.

Enda þótt félagsstarfið í Aftureldingu hafi verið með miklum blóma á þessu afmælisári þá fer sem fyrr mest fyrir íþróttastarfinu. Gróskumikið starf var í öllum deildum félagsins á árinu. Er staðan sú í dag að flestar deildir státa af íslandsmeisturum, deildarmeisturum, íslandsmetum og/eða landsliðsfólki. Allar 10 deildir og aðalstjórn eru fyrirmyndarfélög ÍSÍ og var síðasta viðurkenningin veitt aðalstjórn á árinu auk þess sem frjálsíþróttadeildin hefur fengið sína vottun endurnýjaða. Nánar er fjallað um árangur einstakra deilda og einstaklinga í ársskýrslu félagsins og á heimasíðu þess, www.afturelding.is.

Í kjölfar stefnumótunarvinnu, sem Afturelding hefur verið í hefur áhersla verið aukin á mikilvægi lýðheilsuhlutverks félagsins, forvarnarstarfs, og þess að veita þá samfélagslegu þjónustu fyrir sem flesta bæjarbúa, sem nútíma íþróttafélög standa fyrir. Stofnun Sportklúbbs Aftureldingar og Íþróttafjörsins eru góð dæmi um velheppnuð slík verkefni. Sportklúbburinn hefur sannarlega slegið í gegn hjá unglingunum, sem fundu sig ekki í hinum harða heimi keppnisíþróttanna, en hafa gaman af hollri og skemmtilegri hreyfingu. Svipaða sögu má segja af Íþróttafjörinu, sem gengur út á að bjóða öllum börnum í yngstu bekkjum grunnskólans að prófa allar íþróttagreinar hjá Aftureldingu í tengslum við frístundaselið í lok skóladags. Mikil þátttaka hefur verið í Íþróttafjörinu og mikil ánægja með það verkefni nú á fyrsta starfsári þess. Þessi verkefni eru dæmi um samstarf félagsins við Mosfellsbæ en stjórnendur Mosfellsbæjar eru mjög meðvitaðir um hlutverk Aftureldingar og hefur framlag úr sjóðum skattgreiðenda til uppbyggingar á aðstöðu og þjónustu félagsins aukist mikið undanfarin ár. Í tilefni afmælis félagsins var undirrituð viljayfirlýsing milli Mosfellsbæjar og Aftureldingar, sem felur í sér gagnkvæm fyrirheit um stóreflt samstarf í þá veru að Aftureldingu verði með bættri aðstöðu og þjónustusamningum fært aukið samfélagslegt hlutverk.

Jón Pálsson

Formaður Ungmennafélagsins Aftureldingar



DÍK

Í byrjun árs hélt DÍK einn sunnudag sýnikennslu í greiðslu fyrir dömu og herra á keppnum. Einnig var farið yfir klæðareglur og var skiptimarkaður fyrir skó og dansfatnað. Danspör frá félaginu kepptu á fyrsta móti ársins Reykjavík International með góðum árangri.

Í febrúar komu Adam og Karen gestakennarar til landsins. Þau eru fyrrverandi heimsmeistarar í 10 dönsum. Þau voru með hóptíma fyrir keppnisþör. Þau hafa verið að kenna meira og minna í dansskólunum á þessu ári og munu gera það áfram. Íslandsmeistarakeppnin í 5&5 dönsum var haldin.

Í byrjun árs fékk stjórnin Sigurð Hrannar leikara til að vera með námskeið fyrir keppnisþör skólans. Markmið námskeiðisins er að byggja upp sjálfsþraus, þekkingu á tilfinningum, félagsleg tengsl, samskipti samskiptahæfni og sjálfsþekkingu. Þegar Sigurður var búin að fara í þessi atriði tengdi hann þetta við dansinn. Hvernig nota eigi tónlistina og leikræna tjáningu til að túlka dansinn. Það er t.d. munur á túlkun þegar verið er að dansa dramátískan tangó eða rómantíska rumbu. Þetta vakti mjög mikla lukku og héldum við námskeiðinu áfram til vormánaða.

Í mars var haldin Íslandsmeistarakeppnin í 10 dönsum og klósettpappírssala hjá keppnisþörum skólans fyrir þá sem vildu

Í apríl var haldið grímubll fyrir yngstu nemendur skólans, keppnisþör dansskólans fóru í keiluféð. Einnig var sameiginleg dósasöfnun í Kópavogi hjá keppnisþörum skólans

Í maí var Íslandsmeistarakeppnin í Grunnsporunum, Aðalfundur var haldin 2. júní 2009. Í stjórn kjörin Ellen Dröfn Björnsdóttir, Edgar Konráð Gapunay, Ásdís Björnsdóttir, Ísak Halldórsson og Ólöf Farestveit, varamenn voru Björg og Þórdís. Stjórnin skipti með sér verkum sem hér segir, Ellen formaður, Ásdís varaformaður, Edgar gjaldkeri, Ólöf ritari, Ísak meðstjórnandi.

Í Júní voru æfingar áfram fyrir keppnisþör og haldin glæsilega 17. Júní fjáröflun á Rútstúni í Kópavogi.

Ágúst - Kennslan hófst hjá keppnisþörum

September - Kennslan hófst hjá öllum öðrum nemendum skólans

Farið var í eina æfingaferð – Farið á Borg í Grímsnesi í október. Lögð var áhersla á hollt matarræði. Hópurinn var stærri en venjulega og gekk ferðin mjög vel. l.

Dansskólinn hélt glæsilega nemendasýningu í lok nóvember þar sem um 170 nemendur sýndu listir sínar og um 600 manns komu til að horfa á. Einnig tóku þeir þátt á Lotto open og jólakeppni DÍ.

Haldið var jólaball fyrir keppnisþör með hangikjöti og meðlæti. Jólaball með jólasveinum var haldið fyrir yngstu nemendur skólans.

Í Febrúar 2010 fara 12 keppnisþör frá DÍK að keppa á Copenhagen Open. Mjög mikil fjáröflun hefur farið fram vegna þessa og hafa keppnisþör og foreldrar þeirra verið mjög dugleg. Það hefur verið dósasöfnun, kökusala, fjáröflun á 17. júní, sala á alls konar matvöru og fleira.

Stjórnarmenn DÍK fóru á 2 formannafundi sem haldnir voru á vegum DSÍ á árinu.

Einn stjórnarmaður hjá DÍK hefur verið í stjórn DSÍ seinustu 4 ár og er núna í aðalstjórn sem varaformaður. Það hefur verið mjög jákvætt fyrir félagið að hafa tengilið í stjórn til að fylgjast með hvað er að gerast hverju sinni.

Einnig höfum við verið með foreldri í mótanefnd DSÍ.

Nemendur DÍK kepptu á öllum mótum sem haldin voru á vegum DSÍ á þessu ári ásamt Lottó móti sem er á vegum DÍH.

Lokaorð.

Þetta er brot af því sem stjórn DÍK hefur unnið að seinasta starfsár og hefur verið farið yfir helstu þætti starfseminnar. Starfið er margþætt og hefur það verið mög gefandi að fá að starfa með dansþörunum ungu og foreldrum þeirra.



Breiðablik



Aðalfundur félagsins fyrir árið 2008 fór fram þann 26. maí og var hann haldinn í fundarsal Breiðabliks í Smára. Venuleg aðalfundarstörf.

Aðalstjórn og formenn mynda aðalstjórn og eru:

Orri Hlöðversson, formaður,
Sesselja Jónsdóttir, varaformaður,
Sveinn Gíslason gjaldkeri,
Sunna Guðmundsdóttir ritari,
Ásgeir Baldurs meðstjórnandi,
Heiðar Bergmann Heiðarsson meðstjórnandi,
Hannes Strange meðstjórnandi,
Arnþór Sigurðsson, frjálsíþróttadeild,
Guðmundur G. Sigurbergsson körfuknatt-
leiksdeild,
Jóhann Grétarsson, dansdeild,
Indriði Jónsson, karatedeild,
Einar Kristján Jónsson knattspyrnudeild,
Sandra Baldvinsdóttir, skíðadeild,
Ingólfur Hjörleifsson, sunddeild,
Guðjón Hafliðason, kraftlyftingadeild

Helstu verkefni fyrir utan reglubundna starfsemi alla daga allan ársins hring:

Þorrablót

Þorrablót Breiðabliks var haldið þann 31. janúar 2008 í Smáranum.

Árþing ÍSÍ og UMSK

Fulltrúar Breiðabliks fjölmenntu á ÍSÍ þing var sett var föstudaginn 17. apríl 2009.

85. þing UMSK fór fram í Hlégarði þann 19. febrúar síðastliðinn. Hlutu all-margir Blikar heiðursviðurkenningar á þinginu. Ester Jónsdóttir, Breiðabliki, var endurkjörin í stjórn UMSK.

Afreksskólinn

Í lok árs 2006 var settur á laggirnar Afreksskóli Breiðabliks. Markmið skólans er að bjóða efnilegustu iðkendum hvernar greinar fyrir sig upp á bestu mögulegar aðstæður til afreksæfinga. Í dag eru um 50 nemendur skráðir í skólann.

Útgáfa

Líkt og undangengin ár var gefið út sameiginlegt kynningarblað Breiðabliks sem kemur út í byrjun vetrarstarfs undir heitinu „Hvað get ég gert í vetur?“

Áramótabrenna

Blikabrennan var glæsileg að vanda og flugeldasýningin stóð fyrir sínu, en hún er í höndum Hjálparsevitar skáta í Kópavogi.

Sýningar og fundir

Vaxandi áhugi er fyrir því að fá Smárann og/eða Fífuna leigða undir ýmisskonar viðburði. Alls voru haldnir 8 slíkir viðburðir í húsunum á rekstrar-árinu.

Stofnun kraftlyftingadeildar Breiðabliks

Þann 9. febrúar 2009 var stofnuð kraftlyftingadeild innan Breiðabliks.

Markmið stofnenda deildarinnar er að gera kraftlyftingar að keppnisgrein að fyrirmynd íþrótt- og Ólympíuhreyfinga á Norðurlöndunum.

Þríþraut Breiðabliks

Aðalstjórn Breiðabliks hélt Þríþraut Breiðabliks dagana 26. apríl til 23. maí 2009.

Ekki er um eiginlega keppni að ræða heldur fyrst og fremst leik sem allir geta tekið þátt í. Markmiðið með Þríþraut Breiðabliks er að hvetja almenning til hollrar hreyfingar og útivistar á hverjum degi.

Engin ný mannvirki teknin í notkun. Endurbætur unnar á íþróttahúsinu Smáranum, en sett var í það nýtt gólf.

Gott ár að baki. Aldrei fleiri iðkendur innan félagsins. Góður árangur í mörgum greinum og mikil virkni í starfi allra deilda.





Gerpla



Aðalfundur Íþróttafélagsins Gerpla fyrir starfstíma stjórnar 1.6.08 - 31.5.09 var haldinn 28. september 2009 í húsa- kynnum félagsins.

Stjórn félagsins var endurkjörin en hún var skipuð eftirfarandi aðilum:

Jón Finnbogason, formaður stjórnar,
Ásta Ísberg, Baldur Jónsson, Hjördís Friðriksdóttir,
Karen Bjarnhéðinsdóttir, Jochum M. Ulriksson og
Ragnheiður Margrét Ólafsdóttir.

Starfstímabilið einkenndist af mjög umfangsmiklu starfi á öllum vígstöðvum. Á tímabilinu voru virkir iðkendur félagsins nærri 1500. Rúmlega 100 þjálfarar störfuðu hjá félaginu og komu að þjálfun 97 hópa. Á bilinu 300-500 iðkendur voru á biðlista. Starf félagsins hefur verið að festa sig í sessi á umliðnum árum. Samfella í starfi félagsins í fimleikakennslu allt frá byrjendum til lengra kominna einstaklinga í greininni sem og til þeirra sem stunda íþróttina sér til heilsubóta hefur verið að mótast nokkuð þétt og nú er svo komið að félagið getur boðið upp mjög fjölbreytta tíma þar sem flestir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Gerpla bauð fyrst upp á fimleika fyrir fatlaða árið 1999 og þótt ótrúlegt megi virðast þá er Gerpla enn sem komið er eina fimleikadeildin sem býður upp á fimleika fyrir fatlaða.

Árangur iðkenda Gerplu á tímabilinu hefur verið hreint út sagt framúrskarandi.

Allir Íslandsmeistararitlar í meistaraflokkum í áhaldafimleikum karla, kvenna og hópfimleikum kvenna og karla eru því til staðfestingar. Ennfremur vann félagið alla Bikarmeistararitla sem í boði voru í meistaraflokki í áhaldafimleikum og hópfimleikum. Gerplustúlkur unnu til silfurverðlauna á Evrópumóti í hópfimleikum og Viktor Kristmannsson varð í 3. sæti í fjölþraut á Norður Evrópumóti í áhaldafimleikum. Það er því ljóst að um eitt sigur sælasta tímabil félagsins er að ræða frá stofnun þess.

Íþróttafélagið Gerpla annaðist framkvæmd á Norður Evrópumóti í áhaldafimleikum helgina 8. og 9. nóvember 2008. Á móttinu voru fulltrúar frá 9 þjóðum auk Íslands sem alls gerðu um 130 manns í keppendum (65), dómurum (26), þjálfurum (23) auk fylgdarfólks. Gerpla hefur fengið mikil og jákvæð viðbrögð við mótshaldinu frá innlendum sem erlendum gestum

Vorsýning Gerplu er að festa sig í sessi sem viðburður sem enginn lætur fram hjá sér fara. Það er skemmst frá því að segja að íþróttamiðstöðin Versalir var troðfull á öllum sýningum en iðkendum félagsins var skipt niður á þrjár sýningar.

Karnival Gerplu var heiti sýningarinnar og var hún enda- og hápunkturinn á annars viðburðaríku og skemmtilegu starfsári félagsins.



Keilufélagið Keilan



Aðalfundur var haldinn í vor og á honum var ákveðið að leggja starfssemi keiludeildar KFK á hilluna í bili. Félagar í KFK gengu yfir í nýstofnaða keiludeild Kjalnesinga. Ástæður þessa eru æfingaaðstaða en ekkert fjármagn fékkst frá Álftanesi. Kjalnesingar eru hins vegar innan ÍBR og þar hafa félögin verið styrkt vegna æfinga í Keiluhöllinni. Þetta var aðalmálefni fundarins og var ákveðið að það fjármagn sem til var í sjóðum félagsins fylgdi mannskapnum yfir í KDK (Keiludeild Kjalnesinga). Stjórn félagsins er samt sem áður óbreytt þetta árið eða fram að næsta aðalfundi sem verður nú í vor.

Knattspyrnudeild KDK var stofnuð á árinu og lék félagið í 3. deild á síðasta sumri. Sú starfssemi heldur áfram þetta árið og formaður deildarinnar er Magnús Valur Böðvarsson.

Félagið mun sem sagt hafa aðra af sínum deildum í dvala í bili en starfssemi er í knattspyrnudeild.

Kveðja
Ásgrímur H. Einarsson
formaður KFK



Íþróttafélagið Glóð



Aðalfundur Íþróttafélagsins Glóðar var haldinn 22. jan. 2009 í Gullsmára, Kópavogi.

Stjórn félagsins skipa eftirtaldir:

Formaður:

Sigríður Bjarnadóttir
Daltún 32. Sími: 564 1490, 697 3478

Varaformaður:

Páll Guðmundsson
Lækjarsmára 6. Sími: 564 4515

Ritari:

Ragna Guðvarðardóttir
Bræðratungu 4. Sími: 554 5330

Gjaldkeri

Lórens Rafn Kristvinsson
Fjallalind 76. Sími: 554 2780

Meðstjórnandi:

Ásgerður Halldórsdóttir
Lækjarsmára 6. Sími: 554 6798, 862 7992

Varastjórn:

Steinunn Ingimundardóttir
Lækjarsmára 56. Sími: 554 1346, 899 0419
Þorgerður Sigurgeirsdóttir
Gullsmára 11. Sími: 564 4660, 862 8625

Íþróttanefnd:

Formaður Margrét Bjarnadóttir

Fræðslunefnd:

Formaður Sigurbjörg Björgvinsdóttir

Íþróttafélagið Glóð var stofnað 24. okt. 2004. Allir geta orðið félagar óháð aldri. Markmið félagsins er að stuðla að bættri heilsu og kjörorð þess er:

HREYFING FÆÐUVAL HEILSA

Íþróttanefnd vinnur ötullega að því að stuðla að hollri hefyngu og að vekja fólk til umhugsunar um mikilvægi hreyfingar.

Fræðslunefnd hefur staðið fyrir fræðslukvöldum einu sinni í mánuði og fyrirlesarar eru yfirleitt sérfræðingar á sínu sviði og má m.a. nefna geðlækna, fóttaðgerðafræðinga, vísindamenn o.fl.

Ég ætla í grófum dráttum að segja frá því sem félagar hafa verið að fást við á árinu.

Eftir áramót var fólki upp á að stunda leikfimi einu sinni viku fram í miðjan mars og svo var boðið upp á kennslu í Balkandönsum.

12. maí vorum við með íþróttahátíð, keppt var í ringói, Janus Guðlaugsson íþróttfræðingur og doktorsnemi var með fyrirlestur í Gjabakka. 14. maí var framhald á hátíðinni með þúttkeppni fyrir hádegi í Sporthúsinu og kl. 15 í íþróttahúsinu í Digranesi var aðalhátíðin, sem fékk nafnið "VOR Í KÓPAVOGI" Þar komu ýmsir gestahópar fram frá nágrennasveitarfélögunum og sýndu atriði sem þessir hópar voru með á Kanarí haustið 2008.

17. júní vorum við með kaffisölu í Gjabakka. Daga 9.-12. Júlí fór hópur frá félaginu á Landsmót U.M.F.Í. á Akureyri undir merki U.M.S.K. og þar tóku félagar þátt í leikfimi, dönsu, ringói, þútti, stafsetningu, línudansi o.fl. Í október var kökubazar og skemmtun.

Í tilefni af 5 ára afmæli félagsins 24. okt. var ratleikur í Kópavogi, málþing og hátíðarsamkoma í Gullsmára. Fræðslunefnd félagsins sá alfarið um allan undirbúning og tókst hátíð þessi mjög vel.

Við æfum hringdansa og ringó tvisvar í viku, línudans einu sinni, en þess má geta að það eru tveir hópar sem æfa hann, byrjendur og þeir sem eru lengra komnir, einnig æfa nokkrir félagar boccia einu sinni í viku.

Félagið hefur átt því láni að fagna að hafa sömu þjálfara og áður þau Margréti Bjarnadóttur með hringdansa o.fl., Óla Geir Jóhannesson með línudans og svo bættist Ásta Sigrún Gylfadóttir í hópinn og þjálfar hún ringó.

Sigríður Bjarnadóttir

Fom. Glóðar

GOB



Aðalfundur GOB var haldinn mánu- dagskvöldið 30. nóvember. Félags- menn voru 40 á aðalfundi eða rúm 11% félagsmanna. Samhljómur var hjá fundarmönnum og voru þeir almennt ánægðir með störf stjórnar og þá vinnu sem stjórn hefur lagt fram. Félagsmönnum í GOB fjölgaði milli ára og er núna 10. stærsti golfklúbbur landsins með 352 félagam. Skýrsla stjórnar um starf og framkvæmdir var lögð fram. En töluvert var um framkvæmdir og breytingar á Bakkakotsvelli síðastliðið starfsár.

GOB var rekið með með 4,1 milljón króna hagnaði fyrir fjármagnsliði en vaxtagjöld og bankakostnaður nam 8,1 milljón. Því nam tap ársins 4,0 milljónum. Töluverður viðsnúningur hefur átt sér stað í reikningum klúbbsins og má þar nefna að skammtímaskuldir hafa lækkað úr 30,1 milljónum árið 2008 í 14,9 milljónir árið 2009. Að sama skapi hafa langtímaskuldir klúbbsins aukist úr 5,3 milljónum í 31,9 milljónir á milli ára. Gerði stjórn klúbbsins fundarmönnum grein fyrir breytingum þessum og voru reikningar samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

Aðalfundur klúbbsins samþykkti lagabreytingu sem lögð var fyrir með öllum greiddum atkvæðum en með henni var fækkað í stjórn klúbbsins úr sjö í fimm. Gunnar Ingi Björnsson var endurkjörinn formaður GOB með öllum greiddum atkvæðum. Einnig voru endurkjörnir 4 stjórnarmenn með öllum greiddum atkvæðum þeir Kristinn Wium, Anton Bjarnason, Eiríkur Jónsson og Eypór Ágúst Kristjánsson. Fráfarandi stjórnarmönnum, þeim Axel Jón Fjeldsted og Björgvini Arnaldsýni, voru þokkuð góð störf fyrir klúbbinn.

Gunnar Ingi Björnsson, formaður. Kristinn Wium, varaformaður, Anton Bjarnason, gjaldkeri, Eiríkur Jónsson og Eypór Ágúst Kristjánsson

Starf klúbbsins var með hefðbundnu sniðu árið

2009. Hvað íþróttastarf varðar þá er þar helst að nefna karlasveit klúbbsins. Þeir unnu sig upp úr 4. deild fyrrir ári og mættu nú til leiks í 3. deild síðastliðið. Sveitin hélt sínu striki og vann sig upp í aðra deild þar sem hún kemur til með að spila næsta sumar. Það má því segja að markmiðið sem sett var árið 2008 að vinna sig upp um tvær deildir á þremur árum hafti tekist á skemmri tíma en áætlað var. Nú er markmiðið að festa sveitina í sessi í annarra deild. Þá er og stefnt að því að senda kvennasveit til keppni á sumri komanda ef áhugi er fyrir því meðal kvenna í klúbbnum.

Einar Haukur Óskarsson stimplaði sig rækilega inn sem einn fremsti kylfingur þjóðarinnar á síðasta sumri. Glæsilegt vallarmet hans á Urriðavelli og árangur hans á Íslandsmóttinu og ekki síður á Kiðjaberginu í haust eru til marks um að hér er afreksmaður á ferð. Klúbburinn hefur reynt að styðja við bakið á Einari Hauk að fremsta megni og stefnir að áframhaldandi stuðningi við hann.

Þó engin ný mannvirki væru tekin í notkun árið 2009 hélt vallarnefnd klúbbsins áfram þeirri vinnu, sem hafin var á síðasta ári, að vinna að uppbyggingu og viðhaldi á velli klúbbsins. Þó vandamál varðandi landamál klúbbsins, ásamt litlu fjármagni tilhanda vallarnefnd, gerðu það að verkum að ekki tækist að marka ákveðna stefnu með framtíðarskipulag vallarins var samt nokkuð mikið um framkvæmdir. Nýir teigar voru byggðir og göngustígar lagðir ásamt göngubrú. Hafist var handa við gerð á nýrri flöt á 3. braut vallarins.

Síðustu ár hefur stjórn klúbbsins lagt mikla vinnu í að leysa úr fjárhagsvanda klúbbsins ásamt því að efla innra starf klúbbsins. Það má segja að árið 2009 hafi loks tekist að koma böndum yfir reksturinn og færa allt starf í eðlilegan farveg. Ný og glæsileg heimasíða www.bakkakot.is eða www.gob.is var opnuð við góðar undirtektir félagsmanna.



Gróttta



Aðalfundur allra deilda Íþróttafélagsins Grótttu fóru fram þriðjudaginn 10.mars 2009. Nokkrar breytingar urðu auðvitað á deildum félagsins en stærsta mál fundanna voru lagabreytingar. Eftir breytingarnar eru allar deildir félagsins með sambærileg lög og þau aðgengileg á heimasíðu félagsins, www.grottasport.is. Enn fremur kom félagið í heild sinni út í hagnaði og er það vel miðað við ástandið sem ríkti á reikningsárinu.

Í aðalstjórn félagsins sitja:

Formaður	Gunnar Gíslason
Varaformaður	Guðrún Kaldal
Gjaldkeri	Guðjón Norðfjörð
Ritari	Unnur Halldórsdóttir

auk formanna deilda félagsins

Formenn deilda:

Fimleikadeild	Friðrika Harðardóttir
Handknattleiksdeild	Eiríkur Elís Þorláksson
Knattspyrnudeild	Hilmar Sigurðsson

Árangur deilda

Árið var mjög viðburðaríkt hjá Grótttu. Meistaraflokkur karla í handknattleik komst upp í úrvaldsdeild í fyrsta skipti í langan tíma og liðið komst í bikarúrslit, fyrst 1.deildafélaga. Meistaraflokkur karla í knattspyrnu komst upp í 1.deild í fyrsta skipti í sögu félagsins. Yngri flokkar í handbolta og fótbolta stóðu sig vel sem endranær og má þess vegna búast við góðum meistaraflokkum innan nokkurra ára. Fimleikadeildin stóð sig einnig vel en félagið er með innan sinna raða tvo af fimm í landsliðinu í áhaldafimleikum kvenna. Mikill vöxtur er innan deildinnar og er svo komið að deildin hefur sprengt aðstöðuna sína enda stærsta deild félagsins. Árið 2011 má búast við nýju og glæsilegu fimleikahúsi sem gerir deildina enn samkeppnishæfari fyrir vikið.

Stefnumótun og siðareglur

Félagið hefur unnið mikið innra starf á árinu. Eftir mikla vinnu, þá er stefnumótun félagsins fyrir árin 2009-2011 komin út sem og siðareglur fyrir félagið. Siðareglurnar voru gerðar í samvinnu við UMSK og þakkar félagið þeim fyrir það. Ennfremur gaf félagið út handbók fyrir félagsmenn og aðstandendur þeirra þar sem allar upplýsingar varðandi félagið koma fram.

Rafrænt skráningakerfi og þjónustukönnun

Gróttta tók í notkun rafrænt skráningakerfi fyrir allar deildir á árinu en með því minnkar vinna stjórnar og starfsmanna við skráningar að hausti. Gróttta bjó til þjónustukönnun fyrir foreldra og forráðamenn iðkenda. Með því móti var félagið að athuga hug fólks til félagsins, sjá hvernig fólk taldi félagið standa sig og hvað mátti betur fara. Þjónustukönnunin heppnaðist mjög vel og verður notuð til þess að gera gott starf enn betra.

Aðstaða og íþróttamaður Grótttu

Nýtt og glæsilegt félagshús knattspyrnudeildar var vígt á árinu. Búningsaðstaðan og önnur aðstaða á nýjum gervigrasvelli félagsins umblyttist með þessu húsnæði. Í lok ársins var Íþróttamaður Grótttu valinn og í þetta sitt var það fimleikastelpan Embla Jóhannesdóttir. Enn fremur var valinn í fyrsta skipti íþróttamaður æskunnar og var það Viggó Kristjánsson fótboltastrákur sem fékk þá viðurkenningu fyrstur allra.

Styrktarþjálfari ráðinn og endurnýjun á fyrirmyndafélagi ÍSÍ

Gróttta réð til sín styrktarþjálfara á árinu. Styrktarþjálfari er nýtt og metnarrarfullt starf hjá félaginu og er félagið mjög ánægt með að fá Einar Óla Þorvarðarson í það hlutverk að stýra styrktarþjálfun hjá félaginu í heild sinni. Til að byrja með í vetur verður starfið eingöngu miðað að yngri flokkum félagsins, frá 15 ára aldri. Þann 30.desember 2009 fékk Grótttu afhent endurnýjun á gæðaviðurkenningunni Fyrirmyndafélag ÍSÍ til næstu fjögurra ára. Allar deildir félagsins fengu þessa gæðavottun auk félagsins í heild sinni.



Handknattleiksfélag Kópavogs



Aðalfundur HK var haldin 19 mars 2009. Helstu niðurstöður reksturs starfsársins voru að félagið skilaði hagnaði og er skuldlaust.

Eftirfarandi formenn voru kjörnir fyrir komandi starfsár Aðalstjórnar Sigurjón Sigurðsson Handknattleiksdeild Alexander Arnarson, Knattspyrnu-

deild Halldór Valdimarsson, Blakdeild Ingibjörg Gunnarsdóttir, Borðtennisdeild Magnús Bollason.

Þrátt fyrir efnahagsáfall á haustmánuðum náði félagið að bregðast skjótt við og draga verulega úr kostnaði til að bregðast við tekjufalli frá styrktaraðilum félagsins. Ekki var marktækt að efnahagskreppan hafi haft áhrif á brottfall iðkenda úr félaginu.

Á aðalfundi voru síðareglur félagsins samþykktar, en HK er fyrsta íþróttafélag á Íslandi sem setur sér síðareglur fyrir stjórnarmenn, foreldra, iðkendur, þjálfara og starfsmenn. Undirbúningur síðareglna var unnin í samvinnu við UMSK og Blátt Áfram.

Í nóvember hlaut HK framhald á gæðaviðurkenningu Fyrirmyndafélags ÍSÍ

Á haustmánuðum hófst framkvæmd við nýtt æfingarhús og félagsaðstöðu félagsins í Fagralundi í Fossvogsdal.



Hestamannafélagið Hörður



Aðalfundur Hestamannafélagsins Harðar var haldinn 3. desember 2009 í félagsheimili Harðar.

Aðalstjórn:

Guðjón Magnússon formaður
Guðný Ívarsdóttir gjaldkeri
Sigurður Teitsson meðstjórnandi
Guðmundur Björgvinsson varaformaður
Ingimundur Magnússon meðstjórnandi
Ragnhildur Traustadóttir meðstjórnandi
Gyða Árný Helgadóttir meðstjórnandi

Varamenn stjórnar:

Sigurður Ólafsson, Sigurður Guðmundsson,
Þórir Örn Grétarsson

Í Hestamannafélaginu Herði Mosfellsbæ eru rúmlega 700 félagsmenn og er félagið byggt upp á 13 nefndum.

Nefndir:

Æskulýðsnefnd
Kvennadeild
Beitar- og umhverfisnefnd
Ferðanefnd
Fjáröflunarnefnd
Fræðslunefnd

Árshátíðarnefnd

Formaður

Ingimundur Magnússon
Kristín Halldórsdóttir, Valdimar Kristinnson,
Gísli Þór Ólafsson, Sigurður Teitsson,
Margrét Dögg Halldórsd, Sigurður S. Pálsson
Nefnd
Mótanefnd, Reiðveganefnd, Vallarnefnd,
Bygginganefnd, Reiðhallarnefnd, Kynbótanefnd

Formaður

Vilhjálmur Þorgrímsson
Sæmundur Eiríksson, Halldór Guðjónsson,
Guðjón Magnússon, Sigurður Teitsson,
Elías Þórhallsson

Auk hefðbundna verkefna sem hver og ein nefnd sinni á árinu þá stóðu hæst tvö stór verkefni: Íslandsmót barna, unglunga og ungmenna var haldið af Herði á Varmárbökkum Mosfellsbæ í blíðskaparveðri dagana 25.-28. Júní. Undirbúningur tókst vel enda sást það vel á mótinu sjálfu. Allar

tímaáætlanir stóðust sem telst mjög gott á svona stóru móti en á mótinu voru um 500 skráningar. Allt mótasæðið fékk tímabæra andlitslyftingu sem unnin var af félagsmönnum í sjálfböðavinnu og einnig voru starfskraftar unglíngavinnunnar vel nýttir í ýmis verkefni. Félagsmenn tóku því stoltir á móti keppendum sem komu víðs vegar að af landinu. Sjálfböðaliðar við mótið sjálf voru um 50 manns. Í vinnu við mótið voru auk fullorðna fólksins einnig virkjuð börn, unglíngar og ungmenni til að skipta með sér vinnu og gerðu þau það með mikilli ánægju, samheldni og vinnusemi. Börnin okkar eru stjórnendur, sjálfböðaliðar og knapar framtíðarinnar og því nauðsynlegt að ala upp góða arftaka félagsstarfsins. Þann 21. nóvember sl var ný og glæsileg reiðhöll vígð og hefur því verið tekin í notkun. Þessi frábæra aðstaða sem við Harðarmenn höfum fengið, á eftir að auka mjög á gæði vinnu við hesta okkar sem og

við kennslu fyrir alla, bæði börn og fullorðna. Harðarmenn hafa lengi beðið eftir að höllin risi en það tók upp 5 ár að klára verkefnið. Höllin reis á sumarmánuðum 2009 en þá átti eftir að klára að innrétta húsnæðið. Þá var einsýnt að það fjármagn sem til var nægði hvergi til í það verkefni sem innréttingar í svona höll kosta.

Byggingarnefndin brá þá á það ráð að kaupa efnið sem til þurfti og kalla svo til sjálfböðaliða úr röðum félagsmanna sem mættu fjölmargir mörg kvöld og helgar í um 8 vikur á útmánuðum og náðu þau að ljúka verkinu fyrir vígsluna. Að því verki kom breiður hópur menn, konur og börn sem allir hjálpuðust að við að klára þetta á sem myndarlegastan hátt. Þegar litið er til baka hefur þessi sjálfböðavinna eftir félagsandann og styrkt félagið.

fh. Hestamannafélagsins Harðar,
Gyða Árný Helgadóttir



Hvíti riddarinn




Keppnistímabilið 2009 starfaði Hvíti riddarinn sitt annað ár undir verndarvæng knattspyrnudeildar Aftureldingar. Samstarfið er komið til að vera og hefur skilað gríðarlega góðu fyrir þá leikmenn sem liðið skipa.

Tilgangurinn með rekstri liðsins er sá að þeim Mosfellingum sem ekki tekst að komast í meistaraflokkslið Aftureldingar býðst að æfa hjá hæfum þjálfara við bestu aðstæður. Sterkustu leikmenn í 2. flokki Aftureldingar fá einnig tækifæri til að stíga sín fyrstu skref í meistaraflokki með Hvíta riddaranum.

Liðið tók þátt í öllum mótunum sem KSÍ bauð upp á. Árangurinn vakti víða athygli, enda má með sanni segja að endaspertturinn sé vinur Hvíta riddarans. Silfur í Lengjubikar og brons á Íslandsmóti telst stórglæsilegur árangur hjá liði skipuðu mjög ungum leikmönnum.

Daglegan rekstur annaðist Hanna Símonardóttir Þjálfari liðsins var John Andrews.



Knattspyrnufélag Garðabæjar



Aðalfundur haldinn í október og er um að ræða hefðbundin aðalfundarstörf. Kosning stjórnar og uppgjör hvers tímabils með uppskeruhátíð og vali á leikmanni ársins, efnilegasta leikmanni og besta félaganum.

Formaður: Lárus Guðmundsson.

Meðstjórnendur: Joost Van Erwen, Guðjón Einarsson, Jóhann Steinar Ingimundarson.

Varamaður: Skúli Gunnarsson

KFG, rekur mfl. karla í knattspyrnu sem leikur í 3. deild í Íslandsmóti KSÍ. Æfingar eru frá janúar til október á hverju ári og meðaltal æfinga 3 x í viku. að auki leikur félagið ca. 20 obinbera leiki í hinum ýmsu mótum á vegum KSÍ. KFG.hefur fullan aðgang að allri æfinga og keppnisástöðu Stjórnunnar.

Kveðja Lárus Guðmundsson.



Dansfélagið Hvönn



Dansfélagið Hvönn var stofnað 21. október 1995 og er elsta félagið innan Dansíþróttasambands Íslands og mun fagna 15 ára afmæli á þessu ári 2010. Á tímamótum sem þessum

horfir maður til baka og hugleiðir hvað hefur áunnist og frá því að félagið byrjaði að Auðbrekku 17 og síðar í góðu samstarfi við HK í félagsaðstöðu hjá þeim og til viðbótar í íþrótt húsi Kópavogsskóla. Þann 1. janúar 2009 fékk Dansfélagið aðstöðu í Vallarkór 14 glæsilega 400 fermetra aðstöðu ásamt 30 fermetra skrifstofuaðstöðu og var gengið frá þessu samkomulagi við Kópavogsbæ við hátiðlega athöfn í janúar 2009. Það er mikilvægt fyrir íþróttafélag að hafa sína aðstöðu og mesta bylting sem gerst hefur hjá félaginu frá upphafi. Í nýju hverfi Kópavogsbæjar hefur verið mikill aðsókn af nýjum iðkendum og horfum við björtum augum til framtíðar. Starfið sem hefur gengið vonum framár á árinu og mikil gróska er og áhugi hjá foreldrum að taka þátt í félagsstarfi þrátt fyrir alla erfiðleika á landinu, þá er mikilvægt að fólk hafi afdrep og geti slakað á í góðu umhverfi frá daglegu amstri. Það hefur verið ánægjulegt að byggja upp starfsemi í Kópavogi og í góðu samstarfi við bæjaryfirvöld undanfarin ár.

Dansfélagið Hvönn.

Hafsteinn Örn Guðmundsson Formaður



Stjarnan Garðabæ



Aðalfundur félagsins var haldin 11. mars 2009, og var hann ágætlega sóttur. Fyrir fundinum lágu venjuleg aðalfundarstörf og var Lárus Blöndal kosinn fundarstjóri. Kynntar voru skýrslur stjórna og deilda og reikningar lagðir fram. Í fundarhlé voru veittar viðurkenningar. Rekstur félagsins var í jafnvægi á árinu 2008.

Heildarvelta félagsins losaði 258 millj. króna en afkoma félagsins í heild var jávæð um 1,4 millj. króna. Snorri Olsen var endurkjörinn formaður félagsins, aðrir í stjórn eru: Pálína Hinriksdóttir, Valgeir Matthías Baldursson, Þorsteinn Rafn Johnsen og Þorsteinn Þorbergsson sem öll voru endurkjörin. Í varastjórn voru endurkjörin þau Anna Rúna Kristinsdóttir og Bjarki Páll Eysteinnsson. Á fundinum voru einnig veittar viðurkenningar, í flokkunum íþróttamaður ársins, deild ársins og félagsmálaskjöldur fyrir vel unninn félagsstörf. Íþróttamaður Stjórnunnar 2008 er Florentina Stanciu markmaður í handknattleikslíði kvenna, deild ársins 2008 var valin knattspyrnudeild og þjálfari ársins 2008 er Jimmy Erik Ekstedt en hann er fimleikaþjálfari og afreksþjálfari Stjórnunnar. Félagsmálaskjöld fyrir árið 2008 hlaut Eiríkur Þorbjörnsson.

Í ár, 2010 fagnar félagið 50 ára afmæli sínu og því verður mikið um dýrðir. Hver deild mun tilnefna einn atburð sem afmælisviðburð en svo verður vegleg afmælisdagsskrá sjálfa afmælishelgina í lok október. Ný íþróttamannvirki voru tekin í notkun í byrjun árs 2010, glæsilegt fimleikahús sem mun gjörbreyta allri aðstöðu deildarinnar.

Garðabær tók einnig í notkun nýja íþróttáalmu í Sjalandskóla en þar eru þrjár deildir með aðstöðu ásamt íþróttaskóla. Framtíðin er sannarlega björt hjá félaginu á hálfraaldarafmæli þess.



Tennisfélag Kópavogs



Árið 2009 var gott fyrir Tennisfélag Kópavogs. Barna- og unglingastarfið blómstrar og er það því að þakka að félagið hefur ráðið til sína marga nýja þjálfara á síðastliðnum tveimur árum sem hafa mikinn metnað. Nýja Tennishöllin sem opnaði að Dal-smára 13 20. maí 2007 hefur verið mikil lyftistöng fyrir tennisíþróttina og gengur starfið í heild vel. Góð aðsókn var að Tennis- og leikjaskólanum síðastliðið sumar eins og hefur verið reyndar síðustu ár. Á síðasta ári lagaði Kópavogsbær svæðið á milli Tennishallarinnar og útivalla TFK og erum við þakklát fyrir þá vinnu. Tennishöllin og Tennisfélag Kópavogs byggðu tennisvegg á svæðinu sem á eftir að koma að góðum notum í framtíðinni því tennisveggur er einn besti æfingafélagi tennisspilarans. Tennisfélag Kópavogs átti marga íslandsmeistara á síðasti ári eins og síðastliðinn ár. Arnar Sigurðsson TFK varð íslandsmeistari karla tólfta árið í röð og Íris Staub einnig úr Tennisfélagi Kópavogs varð íslandsmeistari kvenna. Ungir spilarar úr Tennisfélagi Kópavogs fóru í nokkrar keppnisferðir til útlanda á síðasta ári, m.a til Noregs og Frakklands og kepptu þeir á mótum á vegum TennisEurope. Tennisfélag Kópavogs hélt einnig Evrópumót í Júlí fyrir 14 ára og yngri þ.e Kópavogur Open og verður það haldið á þessu ári einnig. Mikil áhugi er einnig á tennisnámskeiðum fyrir fullorðna og eru t.d margir sem koma á byrjendanámskeið í tennis á sumrin. Allir eru velkomir í tennis. Allar upplýsingar er hægt að fá á www.tfk.is eða www.tennishollin.is eða í síma 564 4030.



Siglingafélagið Ýmir



Segja má að nýliðið ár hafi verið ár uppbyggingar hjá Ými. Félagið flutti í nýja og glæsilega aðstöðu við Naustavör í Kópavogi s.l. sumar. Aðstaðan er öll til fyrirmyndar og er sérstaklega hönnuð með þarfir félagsins í huga.

Um er að ræða 400 fermetra hús með bátageymslum, búningaástöðu ásamt glæsilegrar félagsaðstöðu á efri hæð hússins. Framan við húsið er bátaplan og rampur ásamt flotbryggju fyrir stærri báta félagsins og félagsmanna. Aðstaðan var enn á byggingastigi þegar starfsemi hófst á síðasta vori en var síðan vígð 27. júlí að viðstöddu fjölmenni.

Æfingar fyrir börn og unglingar fóru af stað þann 8. júní og var þá varla hægt að koma bát á sjó vegna þess að lóð og bátaplan var ófrágangið. Æfingar gengu þó vel og eflust mjög þegar leið á sumarið og frágangi lóðar og ramps var lokið. Áberandi var og ánægjulegt að sjá hvað foreldrar voru áhugasamir og viljugir að fylgja börnum sínum eftir og taka þátt í starfinu. Æfingum var síðan fækkað niður í eina á viku þegar leið á haustið og lauk þeim síðan í lok október. Auk æfinga fyrir börn og unglunga voru haldin tvö fullorðinsnámskeið.

Félagar úr Ými tóku þátt í mótum á árinu og var besti árangur sigur í flokki Topper Tópaz báta á Landsmóti UMFÍ sem haldið var á Akureyri.

Félagið hélt þrjú mót á árinu, Sumarmót kjölbáta, Íslandsmót kjölbáta og Lokamót kænna. Öll þessi mót voru mjög vel heppnuð enda aðstaðan frábær og félagsmenn duglegir að leggja fram vinnu við mótahaldið.

